

## **EFNISTAKA VIÐ STÓRU-FELLSÖXL Í HVALFJARÐARSVEIT**

### **Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum**

#### **HELSTU NIÐURSTÖÐUR**

Skipulagsstofnun telur ljóst að helstu neikvæðu áhrif efnistöku við Stóru-Fellsöxl séu sjónræns eðlis. Þó efnistakan hafi í för með sér varanlegar breytingar á landslagsásýnd svæðis í nágrenni við fjölfarinn þjóðveg þá verða áhrifin staðbundin á tiltölulega umfangslitlu svæði. Á þetta við hvort sem gert er ráð fyrir efnistöku á núverandi efnistökusvæði og fullnýtingu þess skv. valkosti 1 eða stækkun efnistökusvæðisins skv. valkostum 2 og 3. Skipulagsstofnun telur jafnframt þau áform framkvæmdaraðila að ganga frá svæðinu í áföngum eftir því sem efnistökunni vindur fram vera til þess fallin að draga úr neikvæðum áhrifum hennar. Engu að síður verða sjónræn áhrif framkvæmdanna og áhrif þeirra á landslag neikvæð þann tíma sem efnistaka stendur yfir. Þá telur Skipulagsstofnun að burtséð frá valkostum geti efnistakan haft nokkur neikvæð áhrif á upplifun útivistarfólks í nágrenni svæðisins vegna rasks, hávaða og óþæginda af völdum mögulegs sandfoks frá námusvæðinu.

Reykjavík, 21. apríl 2010

---

1	INNGANGUR.....	3
1.1	Athugun Skipulagsstofnunar .....	3
1.2	gögn lögð fram við athugun Skipulagsstofnunar .....	3
2	FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ .....	3
3	NÍÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM.....	4
3.1	Áhrif á menn og samfélag .....	4
3.1.1	Sjónræn áhrif og áhrif á landslag .....	4
3.1.2	Áhrif á útivist og áhrif vegna hávaða og sandfoks.....	5
3.2	Áhrif á menningarminjar .....	6
3.3	Áhrif á jarðmyndanir .....	6
3.4	Staða skipulags og leyfisveitinga.....	7
4	NÍÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR.....	7

## 1 INNGANGUR

### 1.1 ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 15. desember 2009 sendi Umís ehf. Environice f.h. Hvalfjarðarsveitar frummatsskýrslu um efnistöku við Stóru-Fellsöxl í Hvalfjarðarsveit til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 18. desember 2009 í Lögbirtingablaðinu og Morgunblaðinu og í Skessuhorni 16. desember 2009. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 18. desember 2009 til 5. febrúar 2010 á bæjarskrifstofum Hvalfjarðarsveitar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: [www.hvalfjordur.is](http://www.hvalfjordur.is) og [www.umis.is](http://www.umis.is). Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Hvalfjarðarsveitar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Umhverfisstofnunar. Á kynningartíma barst Skipulagsstofnun engin athugasemd. Skipulagsstofnun sendi umsagnir til framkvæmdaraðila.

Þann 23. mars 2010 sendi Umís ehf. Environice f.h. Hvalfjarðarsveitar matsskýrslu um efnistöku við Stóru-Fellsöxl í Hvalfjarðarsveit til Skipulagsstofnunar og óskað eftir álit stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

### 1.2 GÖGN LÖGÐ FRAM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

**Frummatsskýrsla.** Stóra-Fellsöxl – Efnistaka. Hvalfjarðarsveit. Environice.

#### Umsagnir bárust frá:

- Hvalfjarðarsveit með bréfi dags. 13. janúar 2010.
- Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 18. janúar 2010.
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með tölvubréfi dags. 26. janúar 2010.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 15. janúar 2010.

Engin athugasemd barst á kynningartíma

**Matsskýrsla:** Stóra-Fellsöxl – Efnistaka. Hvalfjarðarsveit. Environice.

## 2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Í matsskýrslu kemur fram að efnistaka á námusvæði við Stóru-Fellsöxl hafi farið fram um áratugaskeið og sé áætlað að efnistökmagn, sem unnið hafi verið á svæðinu, nemi um 2.300.000 m<sup>3</sup>. Fram kemur að náman sé við rætur Akrafjalls að norðaustanverðu, ofan við veg sem liggja milli félagsheimilisins Fannahlíðar og bæjarins Fellsenda. Náman sé í sjávarsetlögum sem myndast hafi þegar sjávarborð hafi staðið hærra við lok ísaldar fyrir um 12-15.000 árum. Fram kemur að fyrirhugað sé að halda áfram efnistöku á þessu svæði næstu 20 árin og nýta til fulls það efni sem eftir sé á svæðinu í þeim tilgangi að mæta efnisþörf til veglagningar og annarrar mannvirkjagerðar.

Í matsskýrslu kemur fram að við mat á áframhaldandi vinnslu úr námunni hafi verið metnir þrjú kostir. Kostur 1 geri ráð fyrir að um 980.000 m<sup>3</sup> af efni verði unnið á núverandi námustæði. Kostur 2 geri ráð fyrir vinnslu á sama svæði en til viðbótar

verði náman stækkuð nokkuð til vesturs frá núverandi námusvæði. Vinnslusvæðið verði um 356.000 m<sup>2</sup> að stærð og áætlað efnismagn verði alls um 1.150.000 m<sup>3</sup>. Kostur 3 feli einnig í sér stækkun til vesturs auk vinnslu á núverandi námusvæði, en jafnframt verði náman stækkuð niður fyrir veg að Fellsenda. Heildarvinnslusvæði miðað við kost 3 sé áætlað um 370.000 m<sup>2</sup> og heildarefnistökumagn um 1.200.000 m<sup>3</sup>.

Fram kemur að framkvæmdaraðili ráðgeri að nýta námusvæðið að lokinni efnisvinnslu til móttöku á óvirkum úrgangi sem komi til með að nýtast til landmótunar og til að mynda þekjulag yfir námuna við frágang hennar. Í framhaldinu væri hægt að sá í svæðið og þar með loka því endanlega. Varðandi frágang að öðru leyti kemur fram að efnistökuverði áfangaskipt til að minnka það svæði sem verði opið hverju sinni og því hægt að hefja frágang fyrr á þeim svæðum sem fyrst verði fullnýtt. Strax að efnistöku lokinni verði hafist handa við frágang svæðisins með landmótun og gróðursetningu. Hluti af frágangi svæðisins verði að útbúa lóðir fyrir athafnastarfsemi í samræmi við núverandi drög að aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar auk þess sem ráðgert sé að taka hluta svæðisins undir skógrækt, sem muni þá tengjast núverandi skógræktarsvæði norðvestan við félagsheimilið Fannahlíð.

### **3 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM**

#### **3.1 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG**

##### **3.1.1 Sjónræn áhrif og áhrif á landslag**

Í matsskýrslu kemur fram að þótt efnistökusvæðið við Stóru-Fellsöxl liggja ekki að þjóðvegi 1 sé það í sjónmáli frá veginum, jafnframt því að blasa við frá Melahverfi í Hvalfjarðarsveit. Eins og efnisvinnslan hafi farið fram hingað til, þá sé allt námasvæðið opið á sama tíma og enn hafi ekki verið hafinn frágangur á neinum hluta námunnar. Ljóst sé að framkvæmdir muni ná yfir langt tímabil þannig að sjónræn áhrif og áhrif á landslag verði langvarandi. Fram kemur að efni hafi nú þegar verið tekið á nær öllu því svæði sem valkostur 1 nái yfir en fyrirhugað sé að áfangaskipta frekari efnistöku og fullnýta tiltekin undirsvæði og ganga síðan frá þeim áður en ráðist verði í efnistöku á næsta undirsvæði. Fram kemur að varðandi efnistöku á svæðum sem kostir 2 og 3 taki til, þá verði ekki ráðist í efnistöku á þeim svæðum fyrr en fullnýtt hafi verið það svæði sem sé sameiginlegt kostunum þremur. Með ofangreindu fyrirkomulagi verði svæðið sem opið sé á hverjum tíma minnkað eins og hægt er og þar með dregið úr sjónrænum áhrifum efnisvinnslunnar. Að auki muni frágangur miða að því að draga sem mest úr neikvæðum sjónrænum áhrifum efnistöku en hann muni felast í að móta landið m.a. með jarðvegi, sem fluttur verði á svæðið, þannig að það falli sem best að aðliggjandi svæðum. Fram kemur að í því skyni að draga úr foki jarðefna af frágengnum svæðum verði sáð plöntutegundum sem séu skammærar, en þær geti jafnframt myndað meiri lífrænan massa í yfirborðslagi, sem auðveldi grenndargróðri landnám á svæðinu. Þá sé einnig gert ráð fyrir að gróðursetja tré á svæðinu og stækka það skógræktarsvæði sem nú sé neðan Fellsendavegar. Fram kemur að það sé ljóst að efnistaka samkvæmt öllum kostum komi til með að hafa nokkur neikvæð sjónræn áhrif og áhrif á landslag en með fyrrnefndum mótvægisáðgerðum sé dregið eins og unnt sé úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar á þessa þætti.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að umfjöllun um sjónræn áhrif í frummatsskýrslu sé góð og ítarleg. Stofnunin telji þó að í frummatsskýrslu hefði átt að fjalla um hvort mögulegt sé að samræma frágang námu í Fellsenda, sem sé við hlið námusvæðisins við Stóru-Fellsöxl, til að tryggja að ásýnd svæðisins í heild verði sem best að frágangi námanna loknum. Að öðru leyti telur Umhverfisstofnun að ætla megi að helstu umhverfisáhrif vegna efnistökkunnar séu þegar komin fram og að fullnýting núverandi námusvæðis muni að öllum líkindum ekki hafa frekari umhverfisáhrif í för með sér en orðið sé. Sjónræn áhrif og áhrif á landslag gætu hins vegar orðið nokkuð neikvæð þegar efnistaka hefjist skv. valkosti 3. Þó ætti að vera unnt að draga úr neikvæðum áhrifum efnistökkunnar ef umgengni við námuna, skipulag við vinnslu og frágang hennar verði með þeim hætti sem lýst sé í frummatsskýrslu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að varðandi samræmdan frágang námusvæðanna tveggja í landi Stóru-Fellsaxlar og Fellsenda þá sé tekið undir þetta atriði í umsögn Umhverfisstofnunar. Efnistaka úr námu í landi Fellsenda sé langt komin, en ekki hafi verið gengið frá námunni. Þegar komi að frágangi austasta hluta námu í landi Stóru-Fellsaxlar sé nauðsynlegt að kanna þann möguleika að unnið verði sameiginlega að frágangi beggja námanna. Það myndi bæta heildarásýnd svæðisins, því ljóst sé að fyrir utanaðkomandi sé ekki auðséð hvar skilji á milli þessara tveggja landareigna og því hagur beggja landeigenda að vinna sameiginlega að fráganginum og skipulagi hans.

**Skipulagsstofnun** telur að fyrirhuguð áframhaldandi efnistaka við Stóru-Fellsöxl komi óhjákvæmilega til með að hafa nokkur neikvæð sjónræn áhrif í för með sér burtséð frá valkostum sem settir eru fram í matsskýrslu og fjallað er um í kafla 2 í þessu álit. Efnistökusvæðið sést vel frá fjölförnum þjóðvegi og um er að ræða varanlegar breytingar á ásýnd svæðisins. Hins vegar er um að ræða framkvæmdir sem taka ekki til umfangsmikils svæðis og ekki er um að ræða sérstakt svæði sem nýtur verndar m.t.t. fjölbreytileika landslags. Stofnunin getur tekið undir með Umhverfisstofnun að nú þegar séu neikvæð sjónræn áhrif fyrir hendi vegna þeirrar vinnslu sem er í gangi og hefur farið fram undanfarin ár. Áframhaldandi vinnsla og stækkun núverandi efnistökusvæðis samkvæmt valkostum 2 og 3 koma til með auka að einhverju leyti þessi neikvæðu áhrif á ásýnd svæðisins. Skipulagsstofnun telur þó að draga megi úr þeim áhrifum með markvissum aðgerðum er lúta að vinnslufyrirkomulagi og frágangi sem lýst er fyrir í þessum kafla. Þá vill stofnunin einnig taka undir að stefnt verði að því að sameiginlega verði unnið að frágangi austasta hluta námunnar við Stóru-Fellsöxl og efnistökusvæðis í land Fellsenda.

### 3.1.2 Áhrif á útivist og áhrif vegna hávaða og sandfoks

Í matsskýrslu kemur fram að skógræktarsvæðið við Stóru-Fellsöxl sé vinsælt til útivistar auk þess sem skipulögð gönguleið liggja upp á Akrafjall um Háfannahlíðar og þurfi að fara yfir námusvæðið til að komast upp að fjallsrótum. Helstu áhrifin sem þeir, sem stundi útivist í nágrenni efnistökusvæðisins, verði fyrir sé hávaði bæði vegna efnisvinnslunnar sjálfar, en ekki síður vegna aksturs efnis um Fellsendaveg til vesturs. Einnig geti ryk sem berist frá vinnslusvæði, opnum námum og af vegi valdið útivistarfólki óþægindum. Efnisvinnslan hafi þannig áhrif á upplifun þeirra sem stundi útivist í nágrenni hennar vegna sjónrænna áhrifa, hávaða og rykmengunar frá framkvæmdunum. Fram kemur að að öðru leyti sé hávaði og rykmengun óverulegt

vandamál þar sem fáir búi í nágrenni námunnar. Fram kemur að svæðisskipting vinnslu á námasvæðinu og frágangur strax að lokinni vinnslu á tilteknu svæði, auk malbikunar eða rykbindingar námuvega, komi til með að draga úr rykmengun.

**Skipulagsstofnun** telur að burtséð frá þeim valkostum sem kynntir eru í matsskýrslu muni áhrif framkvæmdanna verða nokkuð neikvæð fyrir fólk sem leið á upp á Akrafjall og þá sem stunda útivist í skógræktarsvæði við Stóru-Fellsöxl. Eðli málsins samkvæmt er hér einkum um að ræða ónæði vegna hávaða og af völdum þess rasks sem fylgir óhjákvæmlega efnistöku auk hugsanlegra óþæginda vegna rykmengunar.

### 3.2 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

Í matsskýrslu kemur fram að samkvæmt fornleifaskráningu frá árinu 2003 séu 19 fornleifar skráðar í landi Stóru-Fellsaxlar þar af tvær fornleifar innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda. Annars vegar sé um að ræða tvö samhlíða útihús en í ljós hafi komið að nú þegar sé búið að raska þessum fornleifum. Hinar fornleifarnar (BO-095003), sem einnig eru útihús séu í jaðri túns í nánd við efnistökusvæðið. Fram kemur að leitað verði til Fornleifaverndar ríkisins sem taki ákvörðun um hvort halda megi efnisvinnslu áfram á svæði sem geti haft áhrif á fornleifarnar og þá með hvaða skilyrðum.

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins eru gerðar athugasemdir við að ekki sé fjallað um þrjár aðrar fornleifar við bæjarstæðið á Stóru-Fellsöxl sem séu í fornleifaskráningarskýrslu merktar sem Bæjarhóll (BO-095:001), útihús (BO-095:004) og útihús (BO-095:005). Fornleifavernd ríkisins telur að gera þurfi stofnunni grein fyrir legu bæjarhólsins og útihúsanna og afstöðu þeirra til útmarka efnistökusvæðisins. Ef fornleifunum stafi hætta af fyrirhugaðri efnistöku gæti þurft að ráðast í umfangsmiklar rannsóknir á hólnum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hafi staðsetning ofangreindra fornleifa verið könnuð og þar með hvort þeim stafaði hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum við áframhaldandi efnistöku. Fram kemur að þessar fornleifar séu utan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar og því þótti ljóst að þessum fornleifunum stafaði ekki hætta af frekari framkvæmdum og þar af leiðandi ekki talin ástæða til að fjalla um þær í frummatsskýrslu.

**Skipulagsstofnun** telur að fyrirhugaðar framkvæmdir muni ekki hafa neikvæð áhrif á fornleifar þar sem ljóst virðist vera að bæjarhóll (BO-095:001), útihús og þau tvö útihús (BO-095:004 og BO-095:005) sem Fornleifavernd ríkisins benti á í umsögn sinni eru utan áhrifasvæðis framkvæmdanna og jafnframt verður leitað ákvörðunar Fornleifaverndarinnar varðandi aðgerðir er lúta að fornleifum (BO-095003) sem kunna að raskast við frekari efnistöku.

### 3.3 ÁHRIF Á JARÐMYNDANIR

Í matsskýrslu kemur fram að efnistökusvæðið sé í malarhjalla sem hafi á síðjökultíma fyrir um 15.000 árum verið í nágrenni við þáverandi sjávarborð og efnið hafi komið úr jökulám sem þá hafa runnið úr Akrafjalli. Slíkar jarðmyndanir njóti ekki verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Einnig er bent á að á undanförunum

áratugum hafi mikið magn efnis verið tekið úr námunni, alls um 2.300.000 m<sup>3</sup> og því sé nú þegar búið að raska upprunalegu umhverfi sem þarna hafi verið.

**Skipulagsstofnun** telur að fornir malarhjallar og strandlínur eins og jarðmyndunin við Stóru-Fellsöxl séu merkilegur vitnisburður um skil jökulskeiðs og upphaf nútíma í jarðsögunni. Í matsskýrslu kom fram að fyrir liggi rannsóknir á myndun malarhjallans við Stóru-Fellsöxl. Slíkar jarðmyndanir finnast víða um land og njóta ekki sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Í ljósi ofangreinds telur Skipulagsstofnun að áframhaldandi efnistaka við Stóru-Fellsöxl, óháð þeim valkostum sem settir eru fram í matsskýrslu, hafi neikvæð áhrif á jarðmyndanir en ekki verði um veruleg áhrif að ræða.

### 3.4 STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitinga bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

- Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 sem hefur verið afgreitt frá Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra.
- Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hvalfjarðarsveitar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
- Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sé mengun.
- Áður en framkvæmdaleyfi er gefið út þarf framkvæmdaraðili að leggja fram áætlun um efnistöku í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999 þar sem gera þarf grein fyrir magni, gerð efnis, vinnslutíma og frágangi efnistökusvæðis.

## 4 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Hvalfjarðarsveitar sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla framkvæmdaraðila byggði á auglýstri frummatsskýrslu, umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu framkvæmdaraðila til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla Hvalfjarðarsveitar hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

---

Skipulagsstofnun telur ljóst að helstu neikvæðu áhrif efnistökkunnar séu sjónræns eðlis. Þó að um verði að ræða varanlegar breytingar á landslagi vegna efnistökkunnar á svæði sem er í nágrenni við fjölfarinn þjóðveg þá verða áhrifin staðbundin á tiltölulega umfangslitlu svæði. Á þetta við hvort sem gert er ráð fyrir efnistöku innan núverandi efnistökusvæðis og fullnýtingu þess skv. valkosti 1 eða stækkun efnistökusvæðisins skv. valkostum 2 og 3. Skipulagsstofnun telur jafnframt þau áform framkvæmdaraðila að ganga frá svæðinu í áföngum eftir því sem efnistökkunni vindur fram vera til þess fallin að draga úr neikvæðum áhrifum hennar. Engu að síður verða sjónræn áhrif framkvæmdanna og áhrif þeirra á landslag neikvæð þann tíma sem efnistaka stendur yfir. Þá telur Skipulagsstofnun að burtséð frá valkostum geti efnistakan haft nokkur neikvæð áhrif á upplifun útivistarfólks í nágrenni svæðisins vegna rasks, hávaða og óþæginda af völdum mögulegs sandfoks frá námusvæðinu.

Skipulagsstofnun telur að hvernig til tekst um áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfið sé háð verktilhögun og mótvægisaðgerðum sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Reykjavík, 21. apríl 2010

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson